

## Tölvupóstur 5. apríl 2017 frá Erlendi Sveinssyni vegna Sveinssafns í Krýsuvík

**From:** Erlendur Sveinsson [<mailto:es@kvikmyndasafn.is>]

**Sent:** miðvikudagur, 5. apríl 2017 10:01

**To:** Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnarfjordur.is](mailto:hlh@hafnarfjordur.is)>

**Cc:** [magnus@haukar.is](mailto:magnus@haukar.is); [viktorsson@simnet.is](mailto:viktorsson@simnet.is); Sveinn Sveinsson <[sveinn490@gmail.com](mailto:sveinn490@gmail.com)>; Þórður Heimir Sveinsson <[thordur@lr.is](mailto:thordur@lr.is)>

**Subject:** Fá Erlendi v. Sveinssafns - Uppgjör v nauðsynlegra fjárfestinga.

Sæll Haraldur,

mér finnst ég mega til með að senda þér meðfylgjandi yfirlit yfir fjárútlát vegna varmadæluuppsetningar í Sveinshúsi í Krýsuvík fyrir þig að hafa til hliðsjónar þegar kemur að afgreiðslu erindis safnsins síðan í desember s.l. sem vonandi verður fljótlega.

Í desembererindinu er að finna ósk um fjárstuðning vegna bráðavanda o.fl. og fylgir kostnaðaráætlun þar sem niðurstöðutala v. varmadæluuppsetningar er um 2,1 milljón. Þar við bætust viðhaldsverkefni v. leka. Það var fljótlega samþykkt í stjórn Sveinssafns að ekki dyggði að bíða eftir afgreiðslu erindisins til Hafnarfjarðarbæjar eða HS Orku (enda afgreiðslu þessara erinda enn ekki lokið nú í aprílbyrjun, erindið er dags. 6. des. 2016) heldur yrði að vinda bráðan bug að því að setja upp varmadælu því kostnaður v. rafhitarans var kominn í yfir kr. 50 þús á mánuði í des s.l. Við reyndum að kaupa okkur frið frá innheimtum HS Veitna með því að borga kr. 150 þús inn á skuldina og síðan 43,5 þús og semja um frestun gjalddaga í von um að stuðningur bærisk. Nú er hins vegar búið að koma allri skuld við HS Veitur í greiðsluferli og var liður í því að greiða um 88 þús við síðustu mánaðarmót og síðan 52 þús í 8 mánuði frá 2. maí n.k.

Niðurstöðutala okkar v. uppsetningu varmadælu er skv. meðfylgjandi samantekt kr. 1.637.635. Uppgjörið við HS Veitur er hátt í 700 þús. að viðbættum rekstrarkostnaði á þessu ári sem byrjar að tikka um næstu mánaðarmót. Skv. þessum rauntölum getur bærinn metið hvort og hversu háan stuðning hann vill veita Sveinssafni.

Anna mál en skylt: Það er verið að mæla húsið upp á vegum bæjarins að okkar ósk svo hægt verði að skýrgreina það formlega sem safnshús. Umhugsun um húsið hefur leitt til þess að við höfum verið að skoða afsalið frá árinu 2000, þar sem húsið er vissulega skýrgreint sem safnshús og það afsalað Sveinssafni til lögmætrar eignar. En blandað er saman afsali eignar og samningi um rekstur hennar í sjálfu afsalskjalinu. Ég myndi vilja að þessum efnisgreinum afsalsins yrði skipt upp í hreint afsal og samning sem tryggir bænum umsaminn rekstur í húsinu eins og afsalið ber með sér. Í rauninni er þarna að finna samning sem er virkur og er því eins konar menningarsamningur, í raun ígildi þess samnings sem óskað var eftir í desembererindi okkar. Samningurinn er virkur vegna þess t.d. að ef við legðum niður safnastarf í húsinu þyrftum við að skila bænum eigninni og hann leggur okkur á herðar þá óumflýjanlegu skyldu að halda úti sýningum og annarri starfsemi í húsinu.

Vonandi sér bæjarráð einhvern flöt á því að styðja Sveinssafn í þessum miklu raunum þess og óhjákvæmilegum fjárútlátum, sem kostað hafa lántöku upp á kr. 1.8 milljón. Við trúum því að samfélagið allt muni njóta góðs af framtíðarstarfsemi Sveinssafns í Krýsuvík og víðar, að ekki sé minnst á hina endurreistu Krýsuvíkirkirkju.

Með bestu kveðju,  
Erlendur